



Leiðbeiningar Deildar sérfræðinga í hjúkrun um leiðsagnarár til sérfræðileysis í hjúkrun

Formáli

Í 6. grein reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileysi kemur fram:

Sérfræðileysi má veita á klínískum sérsviðum hjúkrunar. Skilyrði er að sérfræðinám umsækjanda sé skilgreint innan þess sérsviðs sem umsókn hans um sérfræðileysi tekur til. Viðkomandi sérsvið skal standa á traustum fræðilegum grunni og eiga sér samsvörun á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi.

Með klínískum sérsviðum er átt við svið þar sem störf fela í sér bein samskipti við sjúklinga, svo og forvarnir og hjúkrunarfræðilega greiningu og meðferð. Til að hjúkrunarfræðingur geti átt rétt á að hljóta sérfræðileysi skv. 5. gr. skal hann uppfylla eftirtaldar kröfur:

- hann skal hafa starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur hér á landi skv. 2. gr.,
- hann skal hafa lokið meistaraþrófi eða doktorsþrófi í hjúkrunarfræði frá viðurkenndum háskóla eða hafa sambærilega menntun
- og hann skal hafa starfað við hjúkrun undir **leiðsögn** sérfræðings í hjúkrun að loknu prófi skv. 2. tölul. sem svarar til að minnsta kosti tveggja ára í fullu starfi á því sérsviði sem umsókn hans um sérfræðileysi tekur til. Sé starfshlutfall lægra lengist starfstíminn sem því nemur.

Til frádráttar geta komið allt að tólf mánuðir í fullu starfi ef viðkomandi hefur starfað samhliða doktorsnámi á viðkomandi sérsviði.

Heimilt er að tilgreina áherslusvið sem viðkomandi hefur sérhæft sig í innan klínískra sérsviða.

Félagar í Deild sérfræðinga í hjúkrun í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa kallað eftir skýrari leiðbeiningum um innihald og framkvæmd leiðsagnar sem skv. reglugerð liggur til grundvallar umsókn um sérfræðileysi í hjúkrun. Til að svara því ákalli hafa félagsmenn unnið eftirfarandi tillögu að leiðbeiningum þess efnis.

Virðingarfyllt,

Dr. Helga Sif Friðjónsdóttir, formaður Deildar sérfræðinga í hjúkrun

Leiðsagnarár til sérfræðileyfis í hjúkrun

Til að leiðsagnarár geti hafist þarf eftirfarandi að vera til staðar:

1. Samningur um leiðsögn til grundvallar umsóknar um sérfræðileyfi í hjúkrun milli hjúkrunarfræðings og yfirmanns þar sem leiðsögnin fer fram.
2. Formlega skipuð leiðsagnarnefnd í samráði við hjúkrunarfræðing sem nýtur leiðsagnar. Í nefndinni skulu sitja sérfræðingur í hjúkrun/ljósmóðurfræði og annar heilbrigðisstarfsmaður sem tengist áherslum á klínisku sérsviði hjúkrunarfræðings. Nefndarmenn hafa að öllu jöfnu yfirgripsmikla þekkingu og klíníska reynslu.
3. Áður en formleg leiðsögn hefst er gerður skriflegur samningur milli nefndar og hjúkrunarfræðings sem njóta skal leiðsagnar. Í samningi um leiðsögn skal meðal annars koma fram:
 - Tilgangur leiðsagnar og markmið
 - Upplýsingar um fyrirkomulag leiðsagnar

Leiðsögn

Faglegur stuðningur, kennsla og þjálfun er veitt í gegnum samræður og klíníska leiðsögn milli hjúkrunarfræðings og sérfræðings sem hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af ákveðnu sviði innan hjúkrunar. Leiðsögn skal hvetja til gagnrýnnar hugsunar, ígrundunar og starfsþróunar sem getur leitt til umbóta í starfi, nýjunga í meðferð eða þjónustu.

Öll fagleg og klínísk mál eru trúnaðarmál og eru ekki rædd utan formlegrar leiðsagnar. Undantekning frá þessu er þegar báðir aðilar taka sameiginlega ákvörðun um að fá þriðja aðila til aðstoðar við að vinna úr óleystum málum.

Hlutverk leiðsagnarnefndar:

- Geta komið auga á styrkleika og miðlað reynslu úr eigin starfi sem gagnast verðandi sérfræðingi til þróunar í sérfræðingshlutverkinu
- Veita uppbyggilega gagnrýni og endurgjöf
- Aðstoða hjúkrunarfræðing við að þróa/einblína á afmörkuð verkefni/þjónustu á sínu sérsviði
- Að stuðla að því að leiðsagnartímabilið nýtist hjúkrunarfræðingnum vel til að þróa sig í hlutverkum sérfræðings í hjúkrun/ljósmóðurfræðum
- Styðja hjúkrunarfræðing til að vinna að raunhæfum markmiðum og viðfangsefnum á leiðsagnartímabili og nýta til þess árangursríkar aðferðir

Hlutverk verðandi sérfræðings í hjúkrun:

- Setja sér markmið með fimm hlutverk sérfræðings í hjúkrun í huga
 1. Hjúkrun/klínískt starf
 2. Þróunar, gæða- og rannsóknarstarf
 3. Kennsla og fræðsla
 4. Ráðgjöf
 5. Leiðtogahlutverk

- Skila starfsþróunaráætlun í byrjun leiðsagnartímabils
- Skila framvinduskýrslum á 6 mánaða fresti til leiðsagnarnefndar.
- Skila lokaskýrslu til leiðsagnarnefndar
- Ígrunda klínísk tilfelli í starfi og ræða við leiðsagnaraðila

Tímabil og tíðni

Miðað er við að leiðsagnartímabilið sé 2 ár eða 24 mánuðir í fullu starfi samanber reglugerð nr. 512/2013. Almennt skal miða við að hjúkrunarfræðingur sé undir leiðsögn sérfræðings í hjúkrun/leiðsagnaraðila reglulega yfir leiðsagnartímabilið, að hámarki 24 skipti og að lágmarki 10 skipti.

Skipulag

- Minnst 20% starfshlutfalls skal varið til þróunar hlutverks sérfræðings í hjúkrun og verkefnum því tengdu. Verðandi sérfræðingur gerir formlegan samning við sinn yfirmann/stofnun þar að lútandi.
- Leiðsagnarnefnd fundar með nemanda á 5-6 mánaða fresti meðan á leiðsagnartímabili stendur. Hjúkrunarfræðingi er skylt að skrá greinargerð með öllum ábendingum fundarmanna og gera grein fyrir viðbrögðum sínum við þeim innan tveggja vikna frá fundi.
- Mikilvægt er að fyrir liggi ákveðið umræðuefni/viðfangsefni fyrir hvern fund
- Verðandi sérfræðingur skilar lokaskýrslu til leiðsagnarnefndar.
- Leiðsagnarnefnd skrifar umsögn um frammistöðu verðandi sérfræðings í hjúkrun sem fylgir umsókn um sérfræðileyfi

Í viðauka I má finna tillögur að markmiðum á leiðsagnartímabili og í viðauka II má finna tillögu að samningi verðandi sérfræðings í hjúkrun við stofnun

Viðauki I

Tillögur að markmiðum á leiðsagnartímabili

Hjúkrun/klínískt starf:

- Leggja áherslu á að koma að tilteknum sjúklingahópi í samvinnu við aðrar deildir, fagstéttir og/eða stofnanir.
- Þróa og veita þjónustu við tiltekinn sjúklingahóp þar sem áhersla verður lögð á tiltekið viðfangsefni
- Styðja sjálfræði, ábyrgð og þátttöku tiltekinna sjúklinga í eigin meðferð
- Tvær til þrjár starfsheimsóknir til sérfræðinga í hjúkrun/ ljósmóðurfræðum

Þróunar, gæða- og rannsóknarstarf:

- Senda inn handrit greinar úr MS verkefni í ritrýnt fag tímarit ef ekki lokið
- Verkefnisstjórn og undirbúningur að rannsókn á árangri verkefnisins
- Hönnun spurningarlista og gerð áætlunar
- Önnur rannsóknarvinna
- Þróa klínískar leiðbeiningar
- Vinna að gagnreyndum leiðbeiningum og innleiðingu.
- Erindi/veggspjald á ráðstefnu
- Vinna við gæðaskjöl og verklagsreglur
- Innleiðing á nýju verklagi
- Taka þátt í gæðaverkefnunum á deild/stofnun

Kennsla og fræðsla:

- Kennsla nema við HÍ/HA, klínísk kennsla, fyrirlestrar og umræðutímar
- Þátttaka í aðlögun og starfsþróun starfsfólks t.d. með fyrirlestrum/vinnusmiðjum/ námskeiðum
- Þróun sjúklingafræðslu
- Þátttaka í þróun hæfniviðmiða í hjúkrun og ljósmóðurfræði.

Ráðgjöf:

- Til samstarfsmanna byggða á hugmyndafræði um gagnreynd vinnubrögð
- Til samstarfsmanna og annarra sviða þar sem tiltekinn sjúklingahópur þarf þjónustu
- Til annarra stofnana/sérfræðinga

Leiðtogahlutverk:

- Hafa frumkvæði að stefnumótun
- Kynna sér leiðtogastörf sérfræðinga í hjúkrun/ljósmóðurfræðum
- Efla gagnreynd vinnubrögð og sjálfræði í starfi sem leiðtogi í hjúkrun
- Taka þátt í stefnumótun innan stofnunar og utan
- Taka þátt í nefndar- og stjórnarstörfum fagdeilda og annarra hópa

Tracy, M.F. og O'Grady, E.T. (2019). Hamric and Hanson's Advanced Practice Nursing. An Integrative Approach, 6. útgáfa. St. Louis: Elsevier-Saunders.

Kristín Björnsdóttir og Marga Thome (2006). Sérfræðingar í hjúkrun: skilgreining, viðurkenning og nám. Tímarit hjúkrunarfræðinga – ritrýndar fræðigreinar, 82(1), Sérít, 28-36.

Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi. nr. 512/2013

Viðauki II

Tillaga að samningi verðandi sérfræðings í hjúkrun við stofnun

Staður: _____

Dagsetning: _____

Eftirfarandi samkomulag gerir verðandi sérfræðingur í hjúkrun við næsta yfirmann eða yfirmann stofnunar varðandi svigrúm til að þróa sig í sérfræðingshlutverkinu.

Hjúkrunarfræðingur:

- Fær svigrúm í starfi sem nemur 20% starfshlutfalli af fullri vinnu í 2 ár til að sinna verkefnum sérfræðingshlutverksins. Tímabil er ákveðið í samráði við næsta yfirmann (deildarstjóri, forstöðumaður/sviðstjóri, framkvæmdastjóri).
- Setur fram markmið í fimm hlutverkum sérfræðings í hjúkrun þ.e. hjúkrun/klínískt starf, þróunar, gæða- og rannsóknarstarf, kennsla/fræðsla, ráðgjöf, leiðtoga hlutverk og leiðir að markmiðum.
- Almennt skal miða við að hjúkrunarfræðingur sé undir leiðsögn sérfræðings í hjúkrun/leiðsagnaraðila reglulega yfir leiðsagnartímabilið, að hámarki 24 skipti og að lágmarki 10 skipti
- Leiðsagnarnefnd fundar með hjúkrunarfræðingi á 5-6 mánaða fresti meðan á leiðsagnartímabili stendur. Hjúkrunarfræðingi er skylt að skrá greinargerð með öllum ábendingum fundarmanna og gera grein fyrir viðbrögðum sínum við þeim innan 2 vikna frá fundi.
- Skilar framvinduskýrslu til sérfræðings/leiðsagnarnefndar á sex mánaða fresti
- Skilar inn ígrundun um 3 klínísk tilfelli og ræðir við sérfræðing
- Skilar greinargerð í lok tímabils til leiðsagnarnefndar og yfirmanns
- Sækir um sérfræðingsleyfi í hjúkrun innan 2 mánaða frá lokum leiðsagnartímabils

Undirskrift hjúkrunarfræðings

Undirskrift yfirmanns
